

sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. — Verði honum hinsvegar eiðfall, skal hann greiða stefnanda kr. 117.60, með vöxtum eins og krafizt hefir verið, enda hefir vaxtakröfunni ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, hvort sem stefndur vinnur áðurnefndan eið eða ekki.

Föstudaginn 8. október 1937.

Nr. 99/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Benjamin Howard Oswald Nicholson
(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 15. júlí 1937:
Kærði, B. H. O. Nicholson, sæti 22000 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 7½ mánaðar einfalt fengelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum Napier A. 244 frá Aberdeen, sé upptækt, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Kærði greiði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að dómur í máli þessu var kveðinn upp í héraði, hafa bæði fyrrverandi forstöðumaður stýri-mannaskólans í Reykjavík og núverandi forstöðumaður sama skóla, hvor í sínu lagi og hvor öðrum óháður, afmarkað á sjóuppdrætti stað varðs-kipsins kl. 07,43, 07,51, 07,58 og 08,07, samkvæmt hornmælingum þeim, sem gerðar voru þá á varð-

skipinu Ægi og greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, og miðunarlínur þaðan til skips kærða, b/v „Napier“ A. 244, og enn fremur stað þann, þar sem varðskipið kom að togaranum kl. 08,20 samkvæmt hornmælingum, gerðum þá samstundis á varðskipinu. Loks hafa kunnáttumenn þessir afmarkað á sjóupprættina stefnur og staði togarans eftir skýrslum kærða í málinu. Afmarkanir téðra kunnáttumanna á sjóupprættinum hafa reynzt vera í samræmi sín á milli, og þykir bera að leggja þær til grundvallar. Samkvæmt afmörkunum þessum er staður sá, sem togarinn var stöðvaður á kl. 08,20, 0,4 sm. utan landhelgislínunnar og þannig 0,3 sm. utar heldur en yfirmönnum varðskipsins hefir talti til. Þess er þegar getið, að fyrsta staðarákvörðun varðskipsins var gerð kl. 07,43. Miðunarlína varðskipsins til togarans kl. 07,43 bendir nú að vísu til, að þá hafi togari kærða verið að veiðum í landhelgi, en hornmælingar varðskipsins við þessa staðarákvörðun verða ekki taldar öruggar til sönnunar, með því að þær hafa samkvæmt skýrslu yfirmanna varðskipsins verið framkvæmdar af 1. stýrimanni aleinum, enda var varðskipið þá á siglingu. Um aðrar staðarákvarðanir er þess að geta, að þær voru framkvæmdar af skipherra varðskipsins, ásamt tveimur stýrimönnum. Miðunarlína varðskipsins til togarans við staðarákvörðunina kl. 07,51, sem gerð var 8 mínútum eftir þá fyrstu, liggur að nokkru fyrir utan og að nokkru fyrir innan landhelgislínuna, en á því svæði, sem máli skiptir í þessu sambandi, má heita, að miðunarlína þessi liggi upp að landhelgislínunni og verður hún þess vegna ekki talin geta skorið úr í máli þessu. Við athugun miðunarlínu varðskipsins til

togarans kl. 07,58, sem liggur utan landhelgi, og við athugun miðunarlinunnar kl. 08,07, sem liggur utan landhelgi á því svæði, sem hér skiptir máli, kemur í ljós, að miðunarlinan kl. 08,07 liggur nær landi heldur en miðunarlinan kl. 07,58, nema í námunda við varðskipið, þar sem linur þessar skerast. Nú hefir skipherra varðskipsins borið það um stefnu togarans, að hann hafi í fyrstu, eftir að honum var veitt eftirtekt, stefnt, eftir því sem hægt var að sjá, beint út frá landi. Kl. 07,55 hafi hann snúið meir til bakborða, en kl. 08,04 til 08,07 hafi hann síðan snúið til stjórnborða, og eftir það hafi stefna hans verið vestlæg. Samkv. þessu hefði togarinn stöðugt átt að fjarlægjast landið. En með því að miðunarlinan kl. 07,43 verður ekki lögð til grundvallar, svo sem áður segir, og með því ennfremur, að hér að lútandi framburðir skipverja varðskipsins eru ekki nógu greinilegir til þess að á þeim verði byggt, þá verður ekkert fullyrt um stefnu togarans á tímabilinu frá kl. 07,43 til kl. 07,51, en frá kl. 07,51 og til kl. 07,58 fjarlægðist togarinn samkvæmt miðunum varðskipsins landið. Hinsvegar benda miðunarlinurnar frá varðskipinu til togarans kl. 07,58 og kl. 08,07 til þess, að togarinn hafi, milli þess að nefndar hornmælingar og miðanir voru gerðar, aftur nálgast landið, en það virðist fara í bága við umgetna framburði skipverja varðskipsins.

Svo sem skýrt er frá í héraðsdóminum, var ósamræmi í skýrslu kærða til skipherrans á varðskipinu og skýrslum hans fyrir réttinum. En þótt framburður kærða hafi verið hvikull, hefir hann þó haldið því fram við rannsókn málsins og ekki vikið frá því, að hann hafi siglt í vestur í 30 mínútur áður en togarinn var stöðvaður. Ef þessi skýrsla

kærða væri rétt, þá hefði togarinn, samkvæmt útsetningu forstöðumanns stýrimannaskólans á sjóupprátt, átt að vera 30 mínútum áður en hann var stöðvaður 0,4 sm. inni á landhelgisvæðinu, ef gengið er út frá, að ferð hans hafi verið 3 sm. á klukkestund, en 0,3 sm., ef gengið er út frá 2½ sm. hraða. En við þessa skýrslu kærða er það að athuga, að hún er ósamrímamleg hornmælingum varðskipsins, eins og þær hafa verið afmarkaðar á sjóupprættina af hinum sérfróðu mönnum. Samkvæmt þessum hornmælingum á togarinn sem sé að hafa verið 29 mínútum áður en hann var stöðvaður, eða kl. 07,51, út við landhelgislinuna, eins og áður er frá skýrt. Verður þess vegna ekki svo öruggt sé, byggt á skýrslu kærða, sem stöðugt hefir annars neitað sekt sinni.

Samkvæmt því, sem rakið hefir verið hér að framan, eru í máli þessu framkomnar sterkar líkur fyrir sekt kærða, en með því að skip hans var stöðvað svo langt utan landhelgislinunnar sem áður greinir og með því að ekki liggja fyrir alveg óvæfengjanlegar hornmælingar af hálfu varðskipsins um vist þess á landhelgisvæðinu, þá þykir viðurhlutamikið að fullyrða, að ótvíræð sönnun sé fram komin fyrir því, að kærði hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi. Verður því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og ber því að greiða úr rikissjóði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 120.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera :

Kærður, Benjamin Howard Oswald Nicholson, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og á upptekt afla og veiðarfæra í skipi hans „Napier“ A. 244 að falla niður.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 120 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Benjamin Howard Oswald Nicholson, skipstjóra á togaranum „Napier“ A 244 frá Aberdeen, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi.

Málavextir eru þessir:

Snemma dags 11. þ. m. var varðskipið Ægir á leið frá Vestmannaeyjum til Dyrhólaeyjar, og sást þá togari fram undan, sem grunsamlegt þótti, að væri á veiðum á landhelgisvæðinu.

Var þá gerð þessi staðarákvörðun:

Pétursey	> 47° 37'
Portlandsviti	> 41° 20'
Hjörleifshöfði	

Samtímis var hornið milli Hjörleifshöfða og togarans mælt, og reyndist 17° 15'. Eftir því sem unt var að sjá, stefndi togarinn þá beint út frá landi. Kl. 07,51 var svo enn gerð staðarákvörðun, og var hún þessi:

Pétursey	> 31° 11'
Portlandsviti	> 65° 23'
Hjörleifshöfði	> 22° 23'

Togarinn

og 3 mínútum síðar sett upp stöðvunarmerki, flögg, er merktu bókstafina O.N. Kl. 07.55 var skotið púðurskoti og aftur kl. 07.57, en kl. 07.58 gerð þessi staðarákvörðun:

Portlandsviti	> 41° 43'
Hatta	> 45° 47'
Hjörleifshöfði	> 28° 07'

Togarinn

Kl. 08,00 var skotið púðurskoti. Kl. 08,04 kúluskoti. Kl. 07,55 sneri togarinn skv. skýrslu skipherrans á Ægi meira til bakborða, en á tímabilinu frá 08,04—08,07 sneri hann til stjórnborða, og hafði vestlæga stefnu eftir það, þangað til varðskipið kom að honum. Kl. 08,07 var gerð þessi staðarákvörðun:

Portlandsviti	> 43° 25'
Hatta	> 58° 32'
Hjörleifshöfði	> 33° 04'

Togarinn

og um leið enn skotið kúlu fyrir framan togarann, og þá enn kl. 08,12. En þar eð sást, að togarinn var enn á ferð og að veiðum með stjórnborðsvörpu kl. 08,19, var þá aftur skotið kúlu rétt fyrir framan hann. Kl. 08,20 var gerð þessi staðarákvörðun um leið og varðskipið rann fram hjá togaranum í kjölvatninu fyrir aftan hann samkvæmt framburði skipverja varðskipsins:

Portlandsviti	> 34° 17'
Hatta	> 67° 14'
Hjörleifshöfði	

og gaf það stað togarans 0,1 úr sjómilu fyrir utan landhelgislinuna.

Efir að komið var að togaranum, byrjaði hann að draga inn stjórnborðsvörpuna. Síðan var skipsjóri togarans sóttur um borð í varðskipið og tekin skýrsla af honum þar. Kvaðst hann þá hafa verið búinn að toga í tvær klukkustundir, og að varðskipið hefði komið að sér kl. 9 eftir enskum tíma. Fyrir réttinum leiðrétti kærður þetta, og kvað það hafa verið kl. 10. Samkvæmt skýrslu skipherrans sagðist kærði ekki hafa gert aðrar staðar-ákvarðanir, er hann lét út vörpuna, en að miða húsin í Vík í NNA eftir áttavita og mæla 65 faðma dýpi, og síðar bætt við, að hann hefði einnig miðað Portland í NtV og tekið miðun í kirkjuna í Vík. Um stefnur þær, sem kærði hefir stýrt, meðan hann var að toga, áður en hann var tekinn, skýrði kærði þannig frá um borð í Ægi: Fyrst SA 45 mínútur, síðan vestur í 30 mínútur, síðan SA í hérumbil 30 mínútur, en eftir það snúið til vesturs aftur haldið þeirri stefnu, þar til varðskipið kom að honum.

Fyrir réttinum hélt kærði fram, að þetta væri ekki rétt skýrt frá, heldur hafi hann fyrst stýrt í SA 45 mínútur, síðan snúið til vesturs, og hafi sá snúningur verið til stjórnborða, því hann hafi aldrei, meðan hann togaði umrætt sinn, snúið skipi sínu til bakborða, og tekið 20 mínútur. Eftir það hafi hann stýrt í vestur í 30 mínútur. Að því er kemur til hraða skipsins með vörpu í sjó, kveður kærði hann mjög mismunandi. Allt frá 1—7 sjómilur, eftir því, hvort straumur sé með eða móti, en skipið fari um 3 sjómilur, þegar það er að toga og sjór er kyrr og straumlaust. Hann kveður strauminn í þetta sinn hafa borið frá SSA til NNV, svo að hann hafi haft hann móti sér þessar 45 mínútur, sem hann stýrði í suðaustur, en með sér 30 mínúturnar, sem hann stýrði í vestur.

1. stýrimaður á Ægi, Magnús Björnsson, sem leiddur hefir verið sem vitni í málinu, kveður straum og vind (skv. skýrslu skipherrans var SA 2) hafa borið sem næst NV.

Kærði hefir eindregið mótmælt því, að hafa togað á landhelgisvæðinu. Hann mótmælir því, að staður sá, sem

skip hans var á kl. 08,20 samkvæmt skýrslu skipherrans á Ægi, sé rétt ákveðinn.

Kveður hann hitamóðu hafa verið í lofti, sem hafi gert að verkum, að sextantmælingar hafi orðið óábyggilegar, og auk þess óábyggilegar af því, að varðskipið var á fullri ferð, meðan þær voru teknar. Ennfremur mótmælir hann því, að þær geti verið réttar, vegna þess að ekkert 77 metra dýpi sé, þar sem skip hans var staðsett kl. 08,20. Fyrsti stýrimaður kærða hefir borið og unnið eið að því, að hitamóða hafi verið yfir landinu, en hinsvegar um leið borið, að hann hafi séð ýms landmerki, bæði húsin í Vík o. fl.

Skipherrann á Ægi og 1. og 3. stýrimaður varðskipsins hafa borið borið fyrir réttinum og staðfest það með eiði, að skyggni hafi verið mjög gott til landsins, og landmerki þau, sem miðað var við, sézt ágætlega. Hafa allir þeir þrír menn á varðskipinu, sem mælingarnar tóku, staðfest með eiði sínum, að þær væru réttar.

Mótmæli kærða gegn mælingum varðskipsins verða því ekki tekin til greina. Ekki verða þau mótmæli hans gegn mælingunum, sem byggjast á því, að varðskipið var þá á fullri ferð, tekin til greina, eins og upplýst er, að mælingum þessum var háttað.

Að því er kemur til mótmæla kærða, byggðum á því, að 77 metra dýpi hafi ekki samkv. uppdrætti varðskipsins verið á þeim stað, sem togarinn var staðsettur kl. 08,20, þá er um það að segja, að hvorki þetta dýpi né annað dýpi er sett á uppdráttinn nákvæmlega á þessum stað. En á næstu slóðum þar í kring eru ýmisleg dýpi á uppdrættinum, og er ekki í ósamræmi við þau, að þetta dýpi geti verið, þar sem togarinn var staðsettur kl. 08,20. Það verður eftir þessu að ganga út frá því sem réttu, að skip kærða hafi verið þar kl. 08,20, sem skipherra varðskipsins heldur fram og hefir staðsett það, 0,1 sjómílu fyrir utan landhelgislinuna. Heldur ekki þykir ástæða til að véfengja aðrar mælingar varðskipsins, sem staðfestar hafa verið í réttinum með eiði af þeim, er gerðu og sýndar eru á uppdrætti, lögðum fram í réttinum sem rskj. nr. 2.

Það kemur eftir þessu til álita, hvort skip kærða hafi áður en þessi staðarákvörðun var gerð verið á landhelgi-

svæðinu samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið í málinu. Skál þá strax tekið fram, að eftir því sem kærði og vitni af báðum skipunum hafa borið í réttinum, var straumur með skipi kærða, en ekki móti, síðast áður en staðarákvörðunin var gerð kl. 08,20. Verður því samkv. upplýsingum kærða um hraða skips hans, þegar það er að toga, ekki álitid of í lagt, þó hraði skips hans þennan síðasta tíma sé talinn 3 sjómilur á klukkustund, þar sem hann telur skip sitt fara venjulega þessa ferð í kyrrum, straumlausum sjó, þegar svo stendur á. Sé farið eftir skýrslu skipherrans á Ægi, hélt togari kærða vestlæga stefnu frá 08,07—08,20, eða í 13 mínútur, og samkv. eiðfestum framburði þriggja skipsmanna af varðskipinu voru þeir á togaranum ekki um kl. 08,20 farnir að slá úr blökkinni, virar togarans strengdir, og hann því á ferð.

Sé aftur á móti farið eftir skýrslu kærða, var skip hans búid að toga í 30 mínútur í vestur og berast þá fyrir straumi í á að gízka 15 mínútur, þangað til hlerarnir voru komnir upp í gálgana. En vitni af skipi hans hafa borið, að liðið hafi um 10 mínútur frá því þeir byrjuðu að draga upp vörpuna (höfðu slegið úr blökk togarans) og þangað til hlerarnir voru komnir upp í gálgana.

Það verður að telja fyllilega sannað með hinum eiðfestu framburðum, að þeir á skipi kærða voru ekki byrjaðir að draga upp vörpuna, þegar að staðarákvörðun togarans var gerð kl. 08,20, og hann því enn á ferð, enda þótt þessu sé mótmælt af kærða. En hvort sem skýrsla skipherrans á Ægi er lögð til grundvallar eftir þessu eða skýrslu kærða sjálfs, var skip hans fyrir innan landhelgislinuna 13 mínútum áður en staðarákvörðunin kl. 08,20 var tekin, að minnsta kosti 0,2 úr sjómilu eftir skýrslu skipherrans, en enn meira eftir skýrslu og framburði kærða sjálfs, miðað við 30 mínútna tog í vestur, og að skip hans hafi rekið í 5 mínútur af þeim tíma, samkvæmt framansögðu, að sannað er talið, að hann byrjaði ekki að draga upp vörpuna fyrr en eftir kl. 08,20, isl. tíma.

Þegar kærði kom fyrst í réttinn, staðsetti hann skip sitt á þeim stað, sem skipherrann á Ægi hafði talið hann vera, og eftir sinum eigin miðunum, og reyndist staðurinn 0,3 úr sjómilu innan landhelgislinunnar. En þegar

kærða var bent á þetta, hélt hann fram, að þetta væri ekki rétt aðferð, að reikna landhelgina frá þessari línu milli Reynisfjalls og Kötflutanga, og var sú lína heldur ekki dreginn á uppdrætti þá, sem hann sýndi í réttinum, annan enskan, en hinn danskan. Hélt hann fram, að reikna bæri landhelgislinuna $3\frac{1}{2}$ sjómílu frá sjálfri ströndinni. Þetta er vitanlega rangt, þar eð viðurkennt er og staðfest af stjórnarvöldunum, að reikna beri 3 sjómílu frá nefndri línu, og aldrei $3\frac{1}{2}$ sjómílu frá strönd landsins. Virðist réttinum, að þessi staðhæfing kærða beri með sér, ef þetta hafi verið rétt álit hans, að honum hafi ekki verið ljóst, hve nær hann var utan eða innan við landhelgi, og veiki því mótmæli hans héraðlútandi.

Þá verður rétturinn einnig að telja það draga úr gildi mótmæla hans, er hann fyrst bendir á „Skate Rock“ sem Lásadrang hjá Hjörleifshöfða, en síðar Arnardrang, sem er honum í vil. Loks skal tekið fram, að samkvæmt útreikningi skipherrans á Ægi í síðasta réttarhaldi taldi hann togara kærða kl. 07,43 eftir ísl. tíma, eða um kl. 09.35—09,42 eftir kl. togarans, vera frá tæplega 0,6 og að tæplega 1 sjómílu fyrir innan landhelgislinuna þá, eftir því, hvort miðað er við 2 eða 3 smjómilna hraða togarans á klukkustund.

En játað af kærða og sannað á annan hátt, að hann var að toga á þessum tíma.

Samkvæmt framansögðu verður að telja sannað, að kærði hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á skipi sinu togaranum Napier A. 244 frá Aberdeen og þannig gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5 1920, skv. 3. gr. 1. mgr., og lögum nr. 4 1924.

Þá er einnig upplýst, að hann hefir áður gerzt sekur um samskonar brot. En með því að atvik í málinu, svo sem að kærði dró ekki upp vörpuna, þegar að hann varð var við Ægi, bendir til þess, að ekki sé fullvist, að honum væri ljóst, að hann væri að toga á landhelgisvæðinu, þykir mega losa hann undan fangelsisrefsingu þeirri, sem 5. gr. laga nr. 5 1920 ákveður.

Með tilliti til þessa þykir refsing hans, með tilliti til þess, að ísl. króna jafngildir í dag 49,60 gullaurum, hæfilega ákveðin 22000 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í stað sektarinnar í $7\frac{1}{2}$ mánuð,

sé hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Auk þess sé allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Napier A. 244 frá Aberdeen, upptæk, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin. Loks greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 11. október 1937.

Nr. 14/1936. **Metusalem Jóhannsson**

(Eggert Claessen)

gegn

**Bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h.
bæjarsjóðs og Garðari Þorsteinssyni.**

(Garðar Þorsteinsson).

Áfrýjað er lögtaki, gjörðu í fógetarétti Reykjavíkur 28. okt. 1935, og uppboðsgjörð, er fram fór 3. desember 1935.

Dómur hæstaréttar.

Við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík vorið 1934 var áfrýjanda, Metúsalem Jóhannssyni, gert að greiða kr. 8800.00 til Reykjavíkurbæjar. Hver fimmtungur útsvarsins féll í gjalddaga 1. hvers mánaðanna júní til október 1934. Hinn 11. september sama ár gerði bæjargjaldkeri kröfu um, að ógreiddir 4/5 hlutar útsvars þess árs yrðu teknir lögtaki, og var útsvar áfrýjanda þar á meðal. Hinn 13. s. m. kvað fógeti síðan upp úrskurð skv. 3. gr. lögtaklaganna þess efnis, að lögtak skyldi fram fara fyrir þessum hluta útsvaranna. Er síðasti fimmtungur